

Ed. 373. Frumvarp til laga [180. mál]
um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Í stað „kr. 10 000.00“ í 2. málsg. 112. gr. komi: kr. 60 000.00.
Í stað „kr. 3 000.00“ í 3. málsg. 112. gr. komi: kr. 7 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum er sektheimild lögreglustjóra bundin við 10 000 krónur og sektheimild lögreglumanna bundin við 3 000 krónur. Fjárhæðir þessar hafa staðið óbreyttar frá árinu 1973, sbr. 13. gr. laga nr. 23 17. apríl 1973. Vegna verðlagsbreytinga er lagt til að sektamörk þessi verði hækkuð, en sektagerðir með þessum hætti hafa gefið góða raun og létt verulega álagi af dómstólum. Er því nauðsynlegt að sektheimildir þessar fylgi verðlagsþróun. Er lagt til, að sektheimild lögreglustjóra hækki tiltölulega meir en sektheimild lögreglumanna, þannig að hún geti náð til fleiri brota en nú er, og eru þá einkum höfð í huga brot á umferðarlögum, t. d. brot vegna ákvæða um hámarkspunga ökutækja, sem æskilegt er að unnt verði að afgreiða með sektagerð frekar en nú er.